



HVATARBLAÐIÐ

MIKIL UPPBYGGING Á BORG



Síðastliðin tvö ár hefur sveitarstjórn Borg 23. ágúst 2023 Grímsnes- og Grafningshrepps úthlutað lóðum til íbúðabygginga í þéttbýliskjarnanum á Borg, öllum þeim lóðum sem voru tilbúnar hefur verið úthlutað. Lóðirnar sem um ræðir eru ætlaðar undir 7 einbýlishús, 8 parhús og 3 raðhús.

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er mikið að gerast og uppbygging hafin á flestum lóðum. Líkur eru á að íbúafjöldi í þéttbýliskjarnanum tvöfaldist því á næstu mánuðum þegar íbúðirnar fyllast af nýjum íbúum. Mikill hraði einkennir uppbygginguna sem nú á sér stað eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Lína Björg ráðin sem byggðapróunarfulltrúi

Lína Björg Tryggvadóttir hefur verið ráðin byggðapróunarfulltrúi fyrir sveitarfélögin fjögur í Uppsveitum Árnessýslu, Hrunamannahrepp, Skeiða- og Gnúpverjahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp og Bláskógabyggð og mun hún hefja störf í byrjun september.



Lína Björg er viðskiptafræðingur og er að ljúka mastersnámi í sjávarbyggðafraeðum, þverfræðilegu meistaranámi þar sem fengist er við þróun byggða í fortíð og framtíð, auk diplómu í opinberri stjórnsýslu. Lína Björg var verkefnastjóri í byggðapróunardeild Vestfjarðastofu í átta ár og áður útíbússtjóri Motus/Intrum á Vestfjörðum.

Byggðapróunarfulltrúi veitir ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnu- og byggðapróunar, vinnur að upplýsingaöflun, miðlun upplýsinga og svæðisbundnum verkefnum á sviði byggðapróunar, auk þess kemur hann að ferðatengdum málum og fjölmenningu. Byggðapróunarfulltrúi sinnir verkefnum í samráði við sveitarfélögin fjögur og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS).

Við bjóðum Línu Björgu velkomna til starfa.

Slitgigtarskjóli hjá Þórfríði sjúkrabjálfa í Íþróttahúsinu á Borg í Grímsnesi

Mánudaginn 4. september 2023 hefst nýtt námskeið hjá slitgigtarskóla Þórfríðar.

Námskeiðið byggir á sértækri þjálfun og fræðslu fyrir einstaklinga með einkenni frá mjaðmasvæði og hnjám.

Æft er á mánudögum og fimmtudögum klukkan 10.15 - 11.15.

Kennari er Þórfríður, löggildur sjúkrabjálfi

Námskeiðið er í 8 vikur

Verð 26.000kr.-

Síðasta námskeið sýndi góðan árangur þátttakanda. Allir bættu styrk sinn og gönguhraða og voru með minni verki í hnjám og/eða mjöðmum. Einnig upplifðu margir aukið sjálfstraust í hreyfingum og juku virkni sína í dagsdaglegu lífi.

Það sem þátttakendum fannst helsti kosturinn við námskeiðið var góð fræðsla og mikilvægi þess að leiðbeina sér í æfingum. Einnig að mæta í hóptíma þar sem allir eru að fást við svipaða verki gaf þeim aukinn hvata til þess að styrkja sig og mæta í tíma. Þeir sem eru með lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi fá námskeiðið niðurgreitt.



Skráning í síma **8475005**. Einnig er ég á facebook undir nafninu **slitgigtarskóli Þórfríðar**

Opinn fundur skólaráðs Kerhólsskóla

Opinn fundur skólaráðs Kerhólsskóla verður haldinn í Félagsheimilinu Borg

miðvikudaginn 20. september kl. 19.30

Dagskrá

1. Hlutverk skólaráðs.
2. Innramatsskýrsla Kerhólsskóla 2022-23.
3. Helstu áherslur á skólaárinu.

Allir sveitungar velkomnir

Jóna Björg Jónsdóttir
Skólastjóri Kerhólsskóla



GÖNGUM SAMAN 60+

Öndverðarnesi
Þriðjudaginn 19. september

Nánari tímasetning verður birt síðar á gogg.is og facebooksíðu sveitarfélagsins.

Tryggvi Felixson gengur með okkur um Öndverðarnesið og fræðir okkur um svæðið.

Gott er að mæta með göngustafi og vatnsbrúsa.

Öll velkomin í léttu hreyfingu og góðan félagsskap.



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafningshreppur
viðskipti fyrir alla



Grímsnes- og Grafningshreppur


Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.



Úti er ævintýri

Þá hafa enn ein Grímsævintýri fengið farsælan endi. Í ár var hátíðarsvæðið með aðeins breyttu sniði vegna framkvæmda við stjórnsýsluhúsið. Það hafði þó ekki áhrif á dagskrána þar sem tombólan góða, Blúndukaffið og markaðurinn voru á sínum stað. Tintron sýndi tæki og búnað og lagði til veislutjald, Leikfélagið Borg flutti ævintýraleikverk, Húllandúllan brá á leik, klifurturninn frá Skátalandi var á sínum stað og BMX – Brós sýndu listir sínar.

Við þökkum öllum sem komu, nutu dagsins með okkur og styrktu gott málefni. Sérstakar þakkir til allra sem lögðu okkur lið við undirbúning, framkvæmd og frágang.

Kvenfélag Grímsneshrepps





Verzlunin Borg

SÍMI: 551 7509

OPNUNARTÍMI FRÁ 15. SEPTEMBER - 15. MAÍ
MÁNUDAGA - LAUGARDAGA 10:00 - 18:00
SUNNUDAGA 12:00 - 16:00





MIDNIGHTSPECIALLCUP@GMAIL.COM



JP Verk ehf.
Jarðvinnuverktaki

**Jóhannes 848-1123 &
Guðmundur 868-4115**




jtverkeh@gmail.com

Græna Kannan – Kaffihús Sólheimum



Opnunartími Grænu könnunnar og Völu í
september 2023

Virkir dagar opið 11:00 til 16:00

helgar 11:00 til 18:00

Mötuneyti Sólheima opið 11:30 til 13:00



Græna Kannan er kaffi- og samveruhús íbúa Sólheima og gesta. Ef þú vilt upplifa Sólheima með bragðlaukunum þá er Græna Kannan þinn heppilegasti kostur. Græna Kannan er staðsett í hjarta Sólheima og notar hráefni úr nærumhverfinu svo sem gróðurhúsinu Sunnu og matjurtagarðinum Tröllagarði.

Í Grænu Könnunni má einnig finna Listmunaverslunina Völu, fallega listmuni, kerti, tún vottaðar jurtavörur sem eru framleiddar úr náttúrulegum hráefnum og jurtum úr jurtagarði Sólheima, auk fullt af spennandi vörum sem íbúar Sólheima búa til. Oft eru uppákomur á kaffihúsinu og má sjá yfirlit yfir komandi atburði í dálknum „Á döfinni“ í Upplýsingatorginu.

Verið velkomin í kaffi á Grænu Könnuna!



Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2023

14. septemb.	Hautfundur/ gróðursetning í yndisskógi á Borg
23. septemb.	Dagsferð að hausti
27. október	Gímuball
Nóvember	Jólabingó
Nóvember	Jólafundur



Heimasíða: bruestate.is



Hautfundur

Kvenfélag Grímsneshrepps heldur haustfund fimmtudaginn
14. sept. kl. 18 í Félagsheimilinu Borg. Munið 2000 kr. í kaffisjóð.
Allar konur eru velkomnar.



Styrktarreikningur
sveitarinnar er:
0586-26-456
kt. 490487-1319

Íþróttaæfingar fyrir
fullorðna á Borg eru byrjaðar

Blak
Mánudagar kl. 19:30-21:00
Fimmtudagar kl. 16:30-18:00
Þjálfari 1 sinni í viku





Körfubolti
Fimmtudagar kl. 19:30-21:00
(fyrsta æfing 14. september)



Fótbolti
Þriðjudagar kl. 19:30-21:00



Æfingarnar eru opnar öllum sem hafa áhuga á að hreyfa sig í góðum félagsskap.
Við hvetjum alla til að mæta og prófa þar sem að hreyfing og samvera hefur jákvæð áhrif á heilsuna
Nánari upplýsingar á Facebooksíðu Hvatar eða á netfanginu umfhvot@gmail.com

Stafgöngunámskeið á Borg

Boðið verður upp á stafgöngunámskeið á Borg þriðjudaginn 26. og miðvikudaginn 27. september kl. 16:30 báða dagana. Kennari er Ásdís Sigurðardóttir.

Til þess að átta okkur á fjöldanum biðjum við fólk að skrá sig á námskeiðið sem er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Skráning er á gogg.is eða með því að hafa samband við Guðrúnu Ásu.

Gott er að koma með stafi með sér en einnig hægt að fá lánað á staðnum.

Stafganga er góð hreyfing sem hentar fólki á öllum aldri, óháð líkamlegu ástandi og er áhrifarík leið til heilsuræktar sem hægt er að stunda allan ársins hring.

Nánari upplýsingar fást hjá Guðrúnu Ásu, gudrunasa@gogg.is eða í síma 4805500.



Skriðsundsnámskeið á Borg

Boðið verður upp á skriðsundsnámskeið á Borg mánudaginn 25. og fimmtudaginn 28. september kl. 17:00. Kennari er Guðrún Ása.

Til þess að átta okkur á fjöldanum biðjum við fólk að skrá sig á námskeiðið sem er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Skráning er á gogg.is eða með því að hafa samband við Guðrúnu Ásu.

Nánari upplýsingar fást hjá Guðrúnu Ásu, gudrunasa@gogg.is eða í síma 4805500.





Íþróttavika Evrópu

Verum virk

23.-30. september

Heilsueflandi Grímsnes- og Grafningshreppur, Ungmennafélagið Hvöt og Íþróttafélagið Gnýr hvetja til virkni í íþróttaviku Evrópu.

Laugardagur 23. september

Hið árlega Frisbígolfmót Úlli Ljóti II á Úlfjótuvatni

Sunnudagur 24. September

Göngum saman Flóðahringinn

Hittumst við Grænu könnuna kl. 11:00

Mánudagur 25. September

Skriðsundskennsla í sundlauginni á Borg kl. 17:00.

Blakæfing fullorðinna á Borg

Íþróttahúsið Borg kl. 19:30

Þriðjudagur 26. september

Stafgöngunámskeið frá íþróttahúsinu á Borg. Hefst kl. 16:30

Fótboltaæfing fullorðinna á Borg

Íþróttahúsið Borg kl. 19:30

Miðvikudagur 27. september

Stafgöngunámskeið frá íþróttahúsinu á Borg. Hefst kl. 16:30

Fimmtudagur 28. September

Skriðsundskennsla í sundlauginni á Borg kl. 17:00.

Körfuboltaæfing fullorðinna á Borg

Íþróttahúsið Borg kl. 19:30

Laugardagur 30. september

Sólheimahlaup Frískra Flóamanna

Hlaupið frá Borg kl. 10:00

Við hvetjum öll til að taka þátt.

Nánari upplýsingar um hvern viðburð á www.gogg.is



#BEACTIVE



Sveitarstjórn 552. fundur 17. ágúst 2023
kl. 09:00–10:00 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir oddviti
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iðla Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iðla Marsibil Jónsdóttir.

Fundargerðir.

a) Fundargerð 4. fundar samráðshóps um málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi, 6. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 4. fundar samráðshóps um málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi sem haldinn var 6. júní 2023.

b) Fundargerð 25. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 13. mars 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 25. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 13. mars 2023.

c) Fundargerð 26. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. apríl 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 26. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 17. apríl 2023.

d) Fundargerð 6. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 7. febrúar 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 6. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 7. febrúar 2023.

e) Fundargerð 12. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022-2026, 7. júlí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 12. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022-2026, sem haldinn var 7. júlí 2023.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

f) Fundargerð 229. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 8. ágúst 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 229. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands sem haldinn var 8. ágúst 2023.

g) Fundargerð 597. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 30. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 597. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 30. júní 2023.

q) Fundargerð 931. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 22. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 931. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 22. júní 2023.

2. Íþróttamiðstöð á Borg – niðurstöður útboðs.

Fyrir liggja niðurstöður útboðs í byggingu íþróttamiðstöðvar á Borg. Eitt tilboð barst í verkið en það var frá Fortis ehf, að upphæð kr. 645.332.372,-.

Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 414.017.378,- og er tilboðið því 56% herra en áætlun gerði ráð fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hafna tilboði Fortis ehf og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram ásamt umsjónarmanni framkvæmda og veitna.

3. Staða sveitarsjóðs fyrstu 6 mánuði ársins.

Sveitarstjóri fór yfir stöðu rekstrar fyrstu sex mánuði ársins í samanburði við fjárhagsáætlun.

4. Skipan fulltrúa í fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að Rúna Jónsdóttir aðalmaður í fjallskilanevnd Grímsnes- og Grafningshrepps hefur flutt úr sveitarfélaginu og skipa þarf fulltrúa í hennar stað.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ingólfur Oddgeir Jónsson verði aðalmaður í stað Rúnu út kjörtímabilið 2022-2026.

5. Áskorun frá Kvenfélögum í Uppsveitum Árnessýslu vegna versnandi stöðu heilsugæslumála í umdæminu.

Lagt er fram bréf frá Kvenfélögunum í Uppsveitum Árnessýslu. Í bréfinu er farið yfir yfirsjáanlega skerðingu á lækniþjónustu í Uppsveitum m.a. vegna uppsagna á bakvöktum lækna á Heilsugæslunni í Laugarási. Af þessu tilefni skora kvenfélögin á stjórn HSU, allar sveitarstjórnir í Uppsveitum Árnessýslu, Landlæknisembættið, Heilbrigðisráðuneytið og heilbrigðisráðherra auk innviðaráðherra að þau taki öll höndum saman og vinni hratt og vel að öryggi íbúa, sumarhúsaeygenda og ferðamanna með því að tryggja og verja stöðu heilsugæslunnar í Uppsveitum, fastráða lækna og tryggja bakvaktir þeirra, tryggja fasta viðveru sjúkrahíla og bráðliða allt árið um kring ásamt því að fylgja Heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps tekur undir áhyggjur Kvenfélagskvenna af þeirri skerðingu á þjónustu sem farið er yfir í áskoruninni, enginn læknir mun verða á bakvakt í Uppsveitum Árnessýslu eftir að dagvinnu lýkur ef af uppsögninni verður, en læknir á bakvakt hefur hingað til sinnt bráðatilfellum sem komið hafa upp á svæðinu.

Uppsveitir Árnessýslu eru stórt landsvæði en íbúar telja á fjórða þúsund, ásamt því þá hefur svæðið að geyma stærstu frístundahúsabyggðir á Íslandi eða á sjöunda þúsund húsa. Fólksfjöldi þegar á heildina litið getur því verið gríðarlega mikill á svæðinu þegar mest er, ásamt þessu þá er stöðug aukning í straumi ferðafólks um þetta vinsæla svæði sem Uppsveitirnar eru.

Sveitarstjórn tekur undir bókanir sveitarstjórna Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Bláskógabyggðar um málið og skorar á stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Suðurlands að tryggja íbúum og gestum Uppsveita Árnessýslu eins góða bráðþjónustu og hægt er.

Einnig skorar sveitarstjórn á heilbrigðisyfirvöld og heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir því að tryggja fjármagn í aukna bráðþjónustu viðbragðsaðila á svæðinu, til dæmis með því að sjúkrafreið með sérhæfðum sjúkraflytningamönnum verði staðsett miðsvæðis í Uppsveitum. Ekki getur talist viðunandi að viðbragðstími þegar slys eða bráðaveikindi ber að höndum miðist við að allt viðbragð komi frá Selfossi ef litið er til stærðar, vegalengda og fólksfjölda á svæðinu.

6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV í Ásborgum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 13. júlí 2023, um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki IV á Hótel Grímsborgum, Ásborgum 1 í Grímsnes- og Grafningshreppi, fnr. 2313844, 2313842, 2313843, 2343855, 2313840, 2318671, 2318670, 2343863, 2343865, 2343867, 2313026, 2343873, 2343874 og 2343876.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki IV í Ásborgum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

7. Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2023.

Fyrir liggur fundarboð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns ehf. sem haldinn verður 17. ágúst í Reykjavík. Sveitarstjórn tilnefnir lðu Marsibil Jónsdóttur til fundarsetu fyrir hönd sveitarfélagsins á aðalfundinum.

8. Erindi frá Bændasamtökum Íslands.

Fyrir liggur bréf frá Bændasamtökum Íslands, dagsett 6. júlí 2023. Í bréfinu er farið yfir nokkur atriði sem Bændasamtökin vilja koma á framfæri er varða lausagöngu og ágang búfjár og það álitaefni hvort lausaganga búfjár í ógirtum heimalöndum geti talist ágangur.

Lagt fram til kynningar.

9. Úrskurður yfirfasteignamatshendur á máli nr. 5/2023 – Finnheiðarvegur 15.

Fyrir liggur úrskurður yfirfasteignamatshendur frá 11. júlí 2023 í máli nr. 5/2023 vegna kærur Grímsnes- og Grafningshrepps á úrskurði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar varðandi fasteignamat fasteignarinnar að Finnheiðarvegi 15, Grímsnes- og Grafningshreppi, fnr. 220-8084 fyrir árin 2022 og 2023.

Í úrskurðinum var kröfu kæranda um endurskoðun á fasteignamati Finnheiðarvegs 15, Grímsnes- og Grafningshrepps, fnr. 220-8084 fyrir árið 2023 vísað frá yfirfasteignamatshendur. Jafnframt er úrskurður Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, dags. 1. desember 2022, varðandi fasteignamat Finnheiðarvegs 15, Grímsnes- og Grafningshreppi, fnr. 220-8084, fyrir árið 2022, felldur úr gildi.

10. Úrskurðarnefnd Umhverfis- og auðlindamála, tilkynning um kærú mál nr. 98/2023.

Fyrir liggur tilkynning um kærú nr. 98/2023 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þar sem kærð er ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps um útgáfu framkvæmdaleyfis á efnistökusvæði E24 að Seyðishólum. Vegna framkominnar stöðvunarkröfu var farið fram á að úrskurðarnefndin fengi í hendur gögn er málið varðar fyrir 22. ágúst n.k. hefur Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi þegar skilað inn umbeðnum gögnum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Vigfúsi Þóri Hróbjartssyni skipulagsfulltrúa ásamt lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að svara kærinni fyrir hönd sveitarfélagsins.

11. Fjármála- og efnahagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 119/2023. „Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu“.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og oddvita að skila inn umsögn um málið.

12. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 139/2023, „Drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnæðismál)“.

Lagt fram til kynningar.

13. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 139/2023, „Grænbók um skipulagsmál“.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og oddvita að skila inn umsögn um málið.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 10:00.

Útplöntunardagur

Skógræktarfélags Grímsneshrepps

**Verður
fimmtudaginn
21. september
kl. 17.00**

**Mæting á
bílaplanið við
Yndisskóginn**

**Stjórn
skógræktarfélags
Grímsneshrepps**



*Handverksskíöldur
12. sept. kl. 19:30*

*á Bókasafni Grímsnes og Grafningshrepps. Endilega
kíkið og hafið með ykkur handverk, öll velkomin.*

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar:

Mánudaga 15:00 til 16:30

Miðvikudaga 10:00 til 12:00

Fimmtudaga 15:00 til 16:30

Kvöldopnun:

Þriðjudaginn 12. september frá 19:30 til 22:00

Handverkskvöld

Fimmtudaginn 21. september frá 19:30 til 21:30

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2023

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000 kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30 kr.


Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50 kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útláns gagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.

Orðarugl

Getur þú fundið öll týndu orðin?




H	P	Ú	S	M	I	H	R	A	F	N	M	A	S	T
M	B	K	M	Ú	K	P	E	B	G	R	Í	L	T	H
	Y	K	L	H	K	I	S	U	B	G	E	Ú		
	R	S	Á	A	Ú	N	Ð	D	K	U	L	M		
	I	Í	F	P	B	R	N	L	H	D	K	Ú		
	L	L	Ý	F	M	Ö	H	A	Ó	N	U	Í		
	L	N	S	G	K	F	K	J	G	A	R	K		
	N	T	B	K	N	A	P	T	N	R	B	H		
	S	N	O	M	Ú	H	N	K	J	B	S	M		
	B	T	R	J	N	J	M	R	T	F	L	Á		
	S	T	U	T	T	N	E	F	J	A	P	T		
	N	K	F	N	B	Ú	G	K	B	Ú	G	N		
M	A	R	Í	U	E	R	L	A	T	P	Ú			
T	K	A	I	G	Í	Á	N	I	S	T	A			
I	G	K	P	Ó	S	G	Ú	R	H	E	Í			
D	H	S	M	Í	P	Æ	G	A	M	I	V			
N	K	A	S	T	B	S	K	T	Í	S	G			
U	A	L	A	V	S	Ó	J	S	P	T	N			
M	K	P	L	B	Í	M	H	K	Á	L	K	A	A	A
B	J	A	R	G	D	Ú	F	A	K	T	M	S	K	L

Þessir fuglar eru ýmist *landfuglar*, *vaðfuglar*, *vatnafuglar*, *spörfuglar* eða *sjófuglar* og finnast á Íslandi. Hverja þekkir þú?



völundarhús

Heiðar héri fór út að ganga.
Hvern hitti hann?



Íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

21. ágúst—31. maí

Mánudaga – fimmtudaga kl. 14:00 – 21:30

Föstudaga Lokað


Laugardaga og sunnudaga 10:00—18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530



Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is